

STARFSSKÝRSLA 2003

SKÝRSLA BREIÐAFJARÐARNEFNDAR
TIL UMHVERFISRÁÐHERRA
MARS 2004



(ljósm. Róbert A. Stefánsson)

Frá Sviðnum á Breiðafirði

Inngangur

Breiðafjarðarnefnd starfar samkvæmt skipan umhverfisráðherra í samræmi við lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd áðurnefndra laga um vernd Breiðafjarðar. Nefndin skal skv. 4. gr. laganna gefa umhverfisráðherra árlega skýrslu um störf sín. Skrifstofa Breiðafjarðarnefndar er samkvæmt fyrri ákvörðun umhverfisráðherra vistuð hjá Náttúrustofu Vesturlands í Stykkishólmi.

Samfara lögum um Umhverfisstofnun, nr. 90/2002, sem tóku gildi 1. janúar 2003, voru gerðar breytingar á lögum um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995 á þann veg að Umhverfisstofnun tók yfir hlutverk Náttúruverndar ríkisins samkvæmt 4. gr. laganna og þau stjórnáskilkerfi Breiðafjarðarnefndar samkvæmt 2. og 3. mgr. 6. greinar laganna sem fólu í sér að taka stjórnvaldsákvæðanir.

Skipan Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd sú sem nú starfar var skipuð með bréfi, dags. 9. júní 2000 og skipa eftirtaldir fulltrúar Breiðafjarðarnefnd til fjögurra ára.

- Friðjón Þórðarson fv. ráðherra, formaður, skipaður án tilnefningar, til vara Guðríður Þorvarðardóttir, landfræðingur.
- Þórólfur Halldórsson, sýslumaður, tilnefndur af Héraðsnefnd Vestur-Barðastrandarsýslu, til vara Hilmar Össurarson, bóndi.
- Jóhannes G. Gíslason, bóndi, tilnefndur af Héraðsnefnd Austur-Barðastrandarsýslu, til vara Eiríkur Snæbjörnsson, bóndi.
- Sigurður Þórólfsson, bóndi, tilnefndur af Héraðsnefnd Dalasýslu, til vara Þorsteinn Jónsson, bóndi.
- Ásgeir Gunnar Jónsson, tilnefndur af Héraðsnefnd Snæfellinga, til vara Trausti Tryggvason, kennari.
- Ævar Petersen, forstöðumaður, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands, til vara Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður.
- Magnús A. Sigurðsson, minjavörður, tilnefndur af Þjóðminjaráði, til vara Guðmundur Ólafsson, fornleifafræðingur.
- Ritari nefndarinnar er Sigríður Elísabet Elisdóttir.

Engar breytingar urðu á nefndinni á árinu 2003 en rétt er að benda á að starfstímabili nefndarinnar lýkur í júní 2004.

Störf nefndarinnar

Breiðafjarðarnefnd hélt níu nefndarfundum á árinu 2003 og voru fimm haldnir í Stykkishólmi en aðrir sem hér segir:

41. fundur var haldinn í Skáleyjum á Breiðafirði. Þann 19. júlí fór nefndin í vettvangsferð um eyjar á Breiðafirði og fundaði að henni lokinni á heimili Jóhannesar Gíslasonar í Skáleyjum.

42. fundur var haldinn á Hótel Bjarkalundi en að honum loknum fundaði nefndin óformlega með sveitarstjóra Reykhólahrepps ásamt

hreppsnefndarmönnum, fulltrúa frá Þörungaverksmiðjunni og fleiri góðum gestum.

44. fundur var haldinn í húsnaði Landmælinga Íslands á Akranesi, en nefndinni var snemma árs boðið að heimsækja stofnunina, sem hún gerði þann 17. nóvember. Vel var tekið á móti fundarmönnum af Magnúsi Guðmundssyni forstjóra og fleiri starfsmönnum Landmælinga sem kynntu starfsemi stofnunarinnar og markmið hennar.

45. fundur var haldinn í Umhverfisstofnun þann 15. desember en áður en gengið var til fundar heimsóttu nefndarmenn Ísgraf, Laugavegi 13. Þar tók Örn Ingólfsson framkvæmdastjóri á móti nefndarmönnum og kynnti starfsemi fyrirtækisins, aðferðafræði og öflun gagna. Með nefndarmönnum var Svavar Sigmundsson, forstöðumaður Örnefnastofnunar.

Nefndarmenn telja mjög mikilvægt að heimsækja öll sveitarfélög við verndarsvæði Breiðafjarðar og ræða við sveitarstjórnarmenn. Um umfjöllun mála og afgreiðslur nefndarinnar er að finna í fundargerðum sem fylgja skýrslunni í *Viðauka I*.

Kostnaður við störf nefndarinnar

Á fjárlögum ársins 2003 fékk Breiðafjarðarnefnd úthlutað 6,7 millj. kr. til ráðstöfunar, en árið þar á undan hafði nefndin á fjárlögum 3,7 millj. kr. Í byrjun árs var fjárhagsstaða nefndarinnar neikvæð um 260.000 kr. og var því ráðstöfunarfé ársins í raun kr. 6.440.000. Þess má geta að útgjöld vegna þjónustusamnings við Náttúrustofu Vesturlands voru á árinu 1142 þús. kr. Í tölfunni hér á eftir er yfirlit yfir útlagðan kostnað nefndarinnar árið 2003.

Útlagður kostnaður Breiðafjarðarnefndar árið 2003:

Útgefin fjárheimild ársins	6.700.000
Ofnýtt frá 2002	-260.000
	6.440.000

Fjárheimild ársins	6.440.000	
Laun vegna nefndarsetu árið 2002		598.714
Launatengd gjöld (lífeyrissjóðsgjöld ofl.)		73.682
Viðbótariðgjald í lífeyrissjóð		16.721
Kostnaður vegna aksturs nefndarmanna á bifreiðum stofnana (Náttúrufræðistofnun Íslands og Fornleifavernd)		56.250
Kostnaður vegna fundahalda, veitingar		49.235
Fargjöld innanlands		230.000
Dagpeningar innanlands		319.500
Kostnaður vegna aksturs nefndarmanna á eigin bifreið.		899.597
Kostnaður vegna léns www.breidafjordur.is		14.925
Prentun ársskýrslu		7.338
Þjónustusamningur við Náttúrustofu Vesturlands		1.141.813
Samningur við Fornleifavernd ríkisins um skýrslugerð		600.000
Samningur við Náttúrufræðistofnun Ísl. um skýrslugerð		1.000.000
Afnotagjald af skrá og tölvupóstþjónustu		20.325
Tryggingagjöld af akstri og dagpeningum		51.548
Póstburðargjöld		3.665
Ógreitt en ráðstafað á árinu í útgáfu kynningarefnis		1.400.000
Samtals	6.440.000	6.483.313
mismunur	43.313	

Eins og fyrr er heildarkostnaður við fundi nefndarinnar á árinu 2003 all hár, en búsetudreifing nefndarmanna veldur því að fundahöldum fylgir óhjákvæmilega allmikill ferðakostnaður. Á árinu var nefndarmönnum greidd þóknun vegna fundasetu ársins 2002.

Starfsemi á árinu 2003

Framkvæmd verndaráætlunar

Í lögum um vernd Breiðafjarðar er sérstaklega kveðið á um gerð verndaráætlunar með það að markmiði að tryggja vernd svæðisins þ.e. landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja eins og fram kemur í 1. gr. laga um vernd Breiðafjarðar. Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra staðfesti þann 10. október 2001 verndaráætlun fyrir Breiðafjarðarsvæðið en gildistími áætlunarinnar er 2000 – 2004. Í verndaráætluninni eru kynnt fjölmörg verkefni sem m.a. byggja á gagnaöflun, vöktun sem er liður í því að unnt verði að standa við markmið friðlýsingarinnar. Frá því að Breiðafjarðarnefnd fór að vinna í samræmi við áætlunina hefur lítið miðað áfram og er það fyrst og fremst vegna skorts á fjármagni. Gildistími verndaráætlunarinnar rennur út árið 2004 og þarf því að endurskoða hana í heild sinni.

Árið 2003 fékk nefndin nokkuð fjármagn til framkvæmda og er sú vinna að skila sér í skýrslum og bæklingi sem unnið er í samstarfi við Fornleifavernd ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrustofu Vesturlands. Mikilvægt er að nefndinni og samstarfsaðilum hennar verði tryggt nægjanlegt fjármagn til þess að unnt verði að afla nauðsynlegra gagna og tryggja þannig verndun og sjálfbæra nýtingu á svæðinu.

Á árinu fjallaði Breiðafjarðarnefnd um ýmis mál. Varðandi afgreiðslu þeirra er vísað í meðfylgjandi fundargerðir í *viðauka I*. Nokkrar afgreiðslur eru taldar upp hér á eftir en listi yfir innsend og útsend erindi er í *viðauka II*.

- Snæfellsnesvegur um Kolgrafafjörð í Eyrarsveit og Helgafellssveit.
- Starfsleyfi fyrir þorskeldisstöð úti fyrir Baulutanga í Stykkishólmi.
- Sýnatökuleyfi í Hrappsey og Purkey.
- Þangskurður við Flatey í Breiðafirði.
- Kræklingarækt við Purkey, Dalasýslu.
- Þéttbýlishluti aðalskipulags Grundarfjarðar 2003-2015
- Umsögn um umsókn til að reisa hús í Garpsdalsey
- Byggingaframkvæmdir í Flatey og Hrappsey

Kortagögn af Breiðafjarðarsvæðinu

Í lok árs 2002 óskaði Breiðafjarðarnefnd eftir því við Landmælingar Íslands að stofnunin forgangsraðaði kortavinnslu með tilliti til Breiðafjarðarsvæðisins. Þann 7. janúar 2003 svaraði forstjóri Landmælinga Íslands erindinu og gerði grein fyrir því að stofnunin muni eftir megni forgangsraða verkefnum eins og óskað var eftir og gerði ráð fyrir að kortagrunnur í mælikvarðanum 1: 50.000 af svæðinu yrði tilbúinn á árinu 2003. Þá var nefndarmönnum boðið að heimsækja stofnunina, sem þeir gerðu þann 17. nóvember eins og fyrr greinir.

Þörungavinnsla

Breiðafjarðarnefnd hefur lagt nokkra áherslu á að kynna sér áhrif þangsláttar á lífríki fjarðarins. Nefndin hafði samband við Þörungaverksmiðjuna hf. á Reykhólum og Vottunarstofuna Tún ehf. og óskaði eftir upplýsingum um hvað felist í vottunum stofunnar á lífræna framleiðslu verksmiðjunnar. Til stóð að skoða Þörungaverksmiðjuna þann 25. september 2003 þegar nefndin fundaði á Hótel Bjarkalundi. Vegna fjarveru forstjóra Þörungaverksmiðjunnar var skoðunarferð um verksmiðjuna frestað en Gylfi Helgason, skipstjóri á Karlsey kynnti starfsemina og svaraði spurningum nefndarmanna. Fullnægjandi svör hafa ekki enn borist nefndinni.

Áður hafði Ævar Petersen (5. september 2002) kynnt norskar rannsóknir á þangslætti og áhrifum á lífríki.

Skipulagsmál

Breiðafjarðarnefnd hefur lagt á það áherslu að verndarsvæðið verði skipulagt sem ein heild. Í verndaráætlun er gert ráð fyrir sérstöku skipulagi fyrir Breiðafjarðarsvæðið, þar sem verndarsvæðið nær til margra sveitarfélaga. Við rökstuðning fyrir sérstöku svæðisskipulagi hefur verið horft til svæðisskipulags miðhálandisins. Þar sem nefndin telur brýnt að komið verði af stað undirbúningsvinnu við skipulagsgerð fyrir verndarsvæðið hóf nefndin undirbúning á árinu 2002 sem var framhaldið árið 2003. Þann 7. janúar sendi Gísli Gíslason landslagsarkitekt nefndinni minnispunkta um skipulagsmeðferð ásamt drögum að verkáætlun sem hann vann að beiðni nefndarinnar. Þá kannaði nefndin lauslega hvernig staða mála er hjá sveitarfélögum við Breiðafjörð varðandi gerð aðalskipulags og sendi þeim í framhaldi af því erindi þar sem þeirri hugmynd er varpað fram að nefndin í umboði sveitarfélaganna og með samþykki Skipulagsstofnunar leiti til skipulagshönnuðar um að gera í einu lagi drög að aðalskipulagi fyrir allt svæðið sem er innan marka verndarsvæðis Breiðafjarðar, með það fyrir augum að því verði síðan skipt upp og fellt að aðalskipulagi hvers sveitarfélags. Hugmyndin byggist jafnframt á því að leitað verði eftir fjárveitingu ríkisins til að standa straum af kostnaði við þessa skipulagsvinnu að sem mestu leyti, líkt og rætt var á fundi Breiðafjarðarnefndar með sveitarstjórnarmönnum í Stykkishólmi 8. október 2002.

Skráning heimilda um menningarminjar á jörðum á verndarsvæði Breiðafjarðar

Þann 15. september 2003 var undirritaður samstarfssamningur á milli Breiðafjarðarnefndar og Fornleifaverndar ríkisins varðandi skráningu heimilda um menningarminjar á jörðum á verndarsvæði Breiðafjarðar. Samkvæmt samningi var um að ræða skammtímaverkefni og átti að vera að fullu lokið í árslok 2003. Fornleifavernd ríkisins réði Benedikt Eyþórsson til að vinna verkeið. Hann kom á fund nefndarinnar þann 17. nóvember og kynnti stöðu verkefnisins fyrir nefndinni. Benedikt sendi nefndinni samantekt yfir stöðu verkefnisins fyrir fund nefndarinnar þann 15. desember til yfirlstrar og athugasemda og mun skila endanlegri heimildaskrá í byrjun árs 2004.

Stöðuskýrsla um náttúrufar á Breiðafirði

Þann 18. nóvember 2003 var undirritaður samstarfssamningur milli Breiðafjarðarnefndar og Náttúrufræðistofnunar Íslands um gerð stöðuskýrslu um náttúrufar á Breiðafirði. Markmiðið með samningnum er að taka saman skýrslu um stöðu þekkingar á náttúrufari Breiðafjarðar, benda á helstu þekkingagöt og leggja fram tillögur um hvar frekari rannsókna og gagnaöflunar er þörf. Um er að ræða skammtímaverkefni sem á að vera að fullu lokið eigi síðar en 30. mars 2004.

Styrkumsóknir

Á árinu kannaði Breiðafjarðarnefnd ýmsar leiðir til að sækja um styrki til verkefna sem tilgreind eru í verndaráætlun. Nefndarmenn töldu að með ákvörðun ríkisstjórnar Íslands að leggja 700 mkr. í sérstök verkefni til atvinnuuppbyggingar sköpuðust möguleikar til að hrinda af stað framkvæmdaþætti verndaráætlunar Breiðafjarðar, sem umhverfisráðherra staðfesti í október 2001. Nefndin fékk því Ásthildi Sturludóttur til að kanna möguleika á styrkjum til eftirtalinna verkefna, sem byggjast á langtímamarkmiðum um vernd Breiðafjarðar og uppbyggingu sjálfbærrar ferðaþjónustu á og við Breiðafjörð:

- a) Gerð skipulags fyrir verndarsvæði Breiðafjarðar, sem verði hluti af aðalskipulagi sveitarfélaganna átta á verndarsvæðinu.
- b) Umhverfisfræðsla. Taka saman og útbúa fræðsluefni um náttúru- og menningarminjar, mannlíf, dýralíf, gróðurfar og jarðfræði á Breiðafirði, annars vegar til notkunar í ferðaþjónustunni og hins vegar í skólum.
- c) Rannsóknir og stöðuskýrsla um náttúrufar með áherslu á hefðbundna hlunninda- og auðlindanýtingu á Breiðafirði, og áhrif hennar á lífríkið. (Nýting sjávarfangs, fisks, skeldýra, þangs, þara, fugla, sela o.fl)
- d) Gerð áætlunar um útivist og ferðamennsku á Breiðafirði í anda sjálfbærrar þróunar, og skýrslugerð um áhrif ferðamennsku á lífríkið.
- e) Gerð áætlunar um forgangsroðun rannsókna á fornleifum, þ.m.t. að kortleggja og teikna upp helstu minjar sem tengjast sjósókn og landbúnaði.
- f) Aðgerðir til björgunar minja í Oddbjarnarskeri og áætlun um endurbyggingu mannvirkja og varðveislu minja í Sviðnum.
- g) Kortlagning og gerð göngustíga og útsýnisstaða í Flatey.

Ásthildur skilaði skriflegu álitu til nefndarinnar þann 23. september, þar sem bent var á leiðir til styrkumsókna.

Vettvangsferð um Breiðafjörð

Eins og fram hefur komið fór Breiðafjarðarnefnd í vettvangsferð um eyjar á Breiðafirði þann 19. júlí. Lagt var af stað frá Stykkishólmi, Flatey og úr Skarðsstöð. Hópurinn hittist í Bjarneyjum, en þar skoðuðu nefndarmenn m.a. vel heppnaða uppbyggingu og endurgerð gamalla húsa. Frá Bjarneyjum var ferðinni heitið í Rauðseyjar en þar er að finna afar merkilegar garðhleðslur og dokk (skipakví). Í Sviðnum hittu nefndarmenn eigendur eyjunnar og nutu frásagna þeirra. Að lokum var haldið í Skáleyjar, þar sem snæddur var kvöldverður að hætti eyjamanna. Jóhannes Gíslason sá um fararstjórn

ferðarinnar en hann býr yfir óendanlegum fróðleik um sögu eyjanna. Ferðin var í alla staði virkilega vel heppnuð, enda einstök veðurbliða þennan dag. Að fundi nefndarinnar í Skáleyjum loknum var siglt að Flatey og þaðan sigldi hópurinn með Breiðafjarðarferjunni Baldri til Stykkishólms. Nefndarmenn voru sammála um að slík vettvangsferð væri afar mikilvæg fyrir störf nefndarinnar. Í ferðinni voru teknar margar fallegar myndir sem skoða má á heimasíðu nefndarinnar, www.breidafjordur.is.

Heimasíða Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd hefur komið sér upp heimasíðu á slóðinni www.breidafjordur.is, en þar má m.a. nálgast fundargerðir og ársskýrslur nefndarinnar, verndaráætlun, ýmsar upplýsingar, myndir frá Breiðafirði og annan fróðleik.

Önnur mál

Breiðafjarðarnefnd fjallaði um ýmis smærri mál á árinu og afgreiddi þau erindi sem nefndinni bárust. Nánari upplýsingar er að finna í meðfylgjandi fundargerðum nefndarinnar.

Viðaukar

Til að veita almenningi og sveitarfélögum innsýn í starfsemi Breiðafjarðarnefndar fylgja ársskýrslunni tveir viðaukar.

<i>Viðauki – I</i>	Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar	Bls. 8-32
<i>Viðauki – II</i>	Yfirlit yfir innsend og útsend erindi	Bls. 34-37

Óski umhverfisráðherra eftir frekari upplýsingum um störf Breiðafjarðarnefndar á árinu 2003 verða þær að sjálfsögðu veittar.

Í mars 2004
f.h. Breiðafjarðarnefndar



Friðjón Þórðarson
formaður

VIÐAUKI – I

Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar árið 2003

37. fundur Breiðafjarðarnefndar,

haldinn 10. janúar 2003, kl. 11:00 til 13: 00 í Náttúrustofu Vesturlands, Stykkishólmi.

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Þórólfur Halldórsson, Magnús A. Sigurðsson og Jóhannes Geir Gíslason.

Þá var mættur Þorleifur Eiríksson, varamaður Ævars Petersen, sem boðaði forföll.

Guðríður Þorvarðardóttir og Sigurður Þórólfsson boðuðu einnig forföll.

Fundarritari: Sigríður Elisdóttir.

Friðjón setti fundinn kl. 11:00 og sagði frá því að Davíð Egilson, forstjóri Umhverfisstofnunar hafi lýst yfir áhuga á að koma á fund Breiðafjarðarnefndar.

DAGSKRÁ FUNDARINS

Fundargerð 36. fundar

Formaður las upp fundargerð 36. fundar og var hún samþykkt með smávægilegri breytingu.

Umhverfisstofnun

Lögð voru fram lög um Umhverfisstofnun nr. 90/2002 og kynntar voru breytingar á lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar vegna tilkomu Umhverfisstofnunar. Breytingarnar og áhrif þeirra voru ræddar.

Drög að starfsleyfi fyrir Þorskeldisstöð úti fyrir Baulutanga í Stykkishólmi

Tekið var fyrir erindi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, frá 5. desember 2002, þar sem óskað er eftir athugasemdum við drög að starfsleyfi fyrir þorskeldisstöð (áframeldi á þorski) Alex Páls Ólafssonar úti fyrir Baulutanga í Stykkishólmi.

Nefndarmenn gátu fyrir sitt leyti fallist á leyfisveitinguna, en töldu að á gildistíma starfsleyfisins ætti að gera leyfishafa skylt að skrá ágang fugla í sjókvína, s. s. tegundir og fjölda, og hvernig við honum er brugðist. Einnig, að skráð (eða vaktad) verði hvaða magn úrgangs frá fiski og fódri setjist til sem botnfall. Þá skuli leyfishafi skila skýrslu um árangur tilraunaeldisins.

Breiðafjarðarnefnd bendir á að skv. lögum um Umhverfisstofnun, sem öðluðust gildi 1. janúar 2003, sbr. 32. gr. laga nr. 164/2002 um breytingu á lögum um vernd Breiðafjarðar, beri nú að leita leyfis Umhverfisstofnunar um hverskonar mannvirkjagerð á verndarsvæði Breiðafjarðar.

Afgreiðsla: Nefndarmenn gátu fyrir sitt leyti fallist á leyfisveitinguna að ofangreindum skilyrðum uppfylltum. Ákveðið var að afrit af svarbréfi til Heilbrigðiseftirlitsins skuli sent til Umhverfisstofnunar.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar

Fram kom að Breiðafjarðarnefnd hefur margsinnis sótt um aukið fjárframlag til að hefjast handa við þau verkefni sem nefndin hefur þegar forgangsraðað. Þá kom fram að á fjárlögum 2003 hækki framlag til Breiðafjarðarnefndar um 3 milljónir króna vegna lögbundinna verkefna nefndarinnar og hafi nefndin því alls fjárheimild upp á 6.7 milljónir króna árið 2003.

Afgreiðsla: Ákveðið var að nefndarmenn hugsuðu málið vel til næsta fundar og komi þá fram með sínar hugmyndir um það hvaða verkefnum brýnast sé að byrja á.

Drög að starfsskýrslu 2002

Lögð voru fram fyrstu drög að starfsskýrslu fyrir árið 2002.

Afgreiðsla: Ákveðið var að fullvinna drögin fyrir næsta fund.

Þóknun vegna fundasetu árið 2002

Lögð voru fram drög að bréfi til umhverfiráðuneytisins, þar sem sótt er um þóknun vegna fundasetu ársins 2002.

Afgreiðsla: Ekki voru gerðar athugasemdir við drögin.

Fyrirspurn nefndarinnar um rannsóknir á verndarsvæði Breiðafjarðar

Svarbréf hafa borist frá Hafrannsóknastofnun, dags. 6. desember 2002, vegna ítrekunar, Fornleifafræðistofnunar, dags. 10. desember 2002 og Vegagerðinni á Ísafirði, dags. 9. desember 2002.

Afgreiðsla: Ekki voru gerðar sérstakar athugasemdir við svarbréfin.

Kortagögn af Breiðafjarðarsvæðinu

Svarbréf hefur borist frá Landmælingum Íslands, dags. 7. janúar 2003, við erindi Breiðafjarðarnefndar frá 2. desember 2002 þar sem óskað er eftir því við Landmælingar Íslands að stofnunin forgangsraði, ef unnt er, og hraði eins og auðið er vinnslu við kortagerð af Breiðafjarðarsvæðinu.

Afgreiðsla: Ekki voru gerðar sérstakar athugasemdir við svarbréfið.

Önnur mál

Skipulagsmál

Friðjón sagði frá því að hann hafi verið í sambandi við Gísla Gíslason, landslagsarkitekt og lagði fram minnispunkta um skipulagsmeðferð fyrir verndarsvæði Breiðafjarðar, ásamt drögum að verkáætlun, sem Gísli hefur unnið. Minnispunktarnir voru skoðaðir og ræddir.

Fundi slitið kl. 13:00.

Næsti fundur ákveðinn síðar.

38. fundur Breiðafjarðarnefndar,

haldinn 17. febrúar 2003, kl. 11:00 til 14:00 í Náttúrustofu Vesturlands, Stykkishólmi.

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Þórólfur Halldórsson, Magnús A Sigurðsson, Jóhannes Geir Gíslason, Ævar Petersen, Guðríður Þorvarðardóttir og Sigurður Þórólfsson.

Þá var mættur Davíð Egilson, forstjóri Umhverfisstofnunar, sem var sérstaklega boðaður til þessa fundar.

Fundarritari: Sigríður E Elisdóttir.

Friðjón setti fundinn kl. 11:00.

Guðríður tók til máls og óskaði Friðjóni til hamingju með 80 ára afmælið þann 5. febrúar sl. Hún færði honum gjöf fyrir hönd nefndarmanna og ritara.

DAGSKRÁ FUNDARINS

Fundargerð 37. fundar

Fundarritari las upp fundargerð 37. fundar og var hún samþykkt.

Umhverfisstofnun

Davíð Egilson, forstjóri Umhverfisstofnunar, tók til máls og kynnti verkefnið Umhverfisstofnunar, stjórnskipulag umhverfismála og verkaskiptingu. Hann sagði frá því hverjir grunnþættir í stefnumótun stofnunarinnar eru og hvert hlutverk hennar muni vera.

Davíð greindi frá því að eftir tilkomu Umhverfisstofnunar sé það hlutverk Breiðafjarðarnefndar að vera ráðgefandi og það sé mikilsvert að hana skipi menn sem hafi góða þekkingu á Breiðafjarðarsvæðinu. Þá óskaði hann sérstaklega eftir góðri samvinnu við nefndina. Hann svaraði fyrirspurnum nefndarmanna.

Nefndarmenn bentu á að aðilar muni að öllum líkindum áfram leita til Breiðafjarðarnefndar með erindi er varða 2. og 3. mgr. 6. gr. laga um vernd Breiðafjarðar og því sé nauðsynlegt að nefndin hafi beinan tengilið hjá Umhverfisstofnun. Davíð sagði að þar sem Guðríður sé starfsmaður stofnunarinnar sé hún nú þegar tengiliður milli hennar og nefndarinnar. Aftur á móti þurfi að huga að því hvernig þessum málum verði háttað í framtíðinni.

Bent var á að móta þurfi verklagsreglur fyrir Breiðafjarðarnefnd og Umhverfisstofnun.

Afgreiðsla: Ákveðið var að mótuð yrðu drög að verklagsreglum fyrir næsta fund.

Tekið var kaffihlé kl. 12:30.

Snæfellsnesvegur um Kolgrafafjörð.

Tekið var fyrir erindi Vegagerðarinnar frá 17. janúar 2003, þar sem óskað er eftir samþykki Breiðafjarðarnefndar fyrir framkvæmdum vegna vegagerðar um Kolgrafafjörð.

Nefndarmenn bentu á að skilgreina þurfi betur endurheimt votlendis við framkvæmdir sem þessar.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd samþykkti ofangreindar framkvæmdir fyrir sitt leyti. Jafnframt lítur Breiðafjarðarnefnd svo á að náma A sé utan verndarsvæðis Breiðafjarðar og hafi nefndin því ekki lögsögu í málinu hvað hana varðar.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar

Ræddar voru hugmyndir nefndarmanna um ráðstöfun á fjárheimild upp á 3 milljónir króna, sem nefndinni var úthlutað á fjárlögum vegna lögbundinna verkefna.

Nefndin raðaði niður verkefnum í bréfi til umhverfisráðuneytisins þann 14. október 2002 og óskaði m. a. eftir fjármagni upp á 5 milljónir króna til skipulagsvinnu og 4 milljónir króna til verkefna skv. verndaráætlun.

Þórólfur lagði til að stöðuskýrslur um stöðu og umfang skráninga á menningarminjum og örnefnum og um stöðu þekkingar á dýralífi, gróðri og jarðfræði verði unnar og að kortlögð verði tillaga að stækkun verndarsvæðisins. Þá lagði hann til að nefndin sæki um til Byggðastofnunar fjármuni til að framfylgja markmiðum í verndaráætlun Breiðafjarðar.

Ævar greindi frá því að þær loftmyndir sem til eru af Breiðafirði væru af skornum skammti og að myndkort af Breiðafjarðarsvæðinu muni kosta u.þ.b. 5 milljónir.

Nefndarmenn voru sammála um að fjárheimildin verði notuð til að framfylgja verndaráætluninni.

Afgreiðsla: Nefndarmenn samþykktu tillögurnar. Þórólfur tók að sér að gera drög að umsókn til Byggðastofnunar og senda nefndarmönnum til fullvinnslu. Ævar og Magnús tóku að sér að gera tillögu að efnisyfirliti stöðuskýrslna fyrir næsta fund.

Drög að starfsskýrslu 2002

Lögð voru fram drög að starfsskýrslu ársins 2002.

Afgreiðsla: Drögin voru samþykkt með smávægilegum breytingum.

Fundi slitið kl. 14:00.

Næsti fundur ákveðinn síðar.

39. fundur Breiðafjarðarnefndar,

haldinn 31. mars 2003, kl. 11:00 til 13:40 í Náttúrustofu Vesturlands, Stykkishólmi.

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Þórólfur Halldórsson, Magnús A. Sigurðsson, Jóhannes Geir Gíslason, Ævar Petersen, og Sigurður Þórólfsson.

Fundarritari: Sigríður E Elisdóttir.

Friðjón setti fundinn kl. 11:10.

DAGSKRÁ FUNDARINS

Fundargerð 38. fundar

Fundarritari las upp fundargerð 38. fundar, sem var samþykkt með smávægilegum breytingum.

Vottunarovottorð Þörungaverksmiðjunnar

Breiðafjarðarnefnd óskaði með bréfi, dags. 2. desember 2002, eftir upplýsingum um það hvað felist í vottun verksmiðjunnar, en eins og fram kom í bréfi Þörungaverksmiðjunnar 10. október 2002 er hún vottuð lífræn, bæði af Vottunarstofunni Túni og QAI. Þann 17. febrúar sl. sendi Þörungaverksmiðjan Breiðafjarðarnefnd ljósrít af vottunum QAI (Quality Assurance International) og vottunarstofunnar Túns.

Þá kom fram að enn hafi ekki borist svar við erindi nefndarinnar frá 10. júní 2002, og ítrekað var með tölvupósti þann 16. september 2002. Reyndar hafi forstjóri Þörungaverksmiðjunnar látið vita af því þann 10. október 2002 að hann hafi verið í sambandi við Karl Gunnarsson hjá Hafrannsóknastofnun og bíði eftir niðurstöðum rannsókna frá honum, sem gerðar voru á árinu 1991.

Afgreiðsla: Ákveðið var að senda erindi til Gunnars Á. Gunnarssonar hjá vottunarstofunni Túni og óska eftir reglum er gilda þegar vottunarovottorð af þessu tagi eru gefin út. Friðjón tók að sér að ræða við forstjóra Þörungaverksmiðjunnar og fá nánari upplýsingar um hvað felist í vottunum verksmiðjunnar og spyrjast fyrir um þær rannsóknir sem spurt var um í ofangreindum erindum til verksmiðjunnar.

Erindi skipulags- og byggingafulltrúans í Grundarfirði varðandi vegagerð Snæfellsnesvegur um Kolgrafafjörð

Tekið var fyrir erindi skipulags- og byggingafulltrúans í Grundarfirði (ódagsett), þar sem greint er frá því að með vísan í afgreiðslu Breiðafjarðarnefndar til Vegagerðarinnar sbr. bréf dags. 20.02.03, líti bæjarstjórn Grundarfjarðar svo á að Breiðafjarðarnefnd hafi fallist á ofangreindar framkvæmdir við Snæfellsnesveg um Kolgrafafjörð og að bæjarstjórn þurfi ekki jafnframt að leita sömu umsagnar, en eins og fram kemur í niðurstöðu úrskurðar Skipulagsstofnunar (kafla 5.7) um mat á umhverfisáhrifum vegna ofangreindra framkvæmda þarf bæjarstjórn Grundarfjarðar að afla umsagnar Breiðafjarðarnefndar á framkvæmdunum vegna verndarsvæðisins. Þá var óskað eftir að byggingafulltrúi Grundarfjarðar verði látinn vita ef athugasemdir eru við afgreiðsluna.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu bæjarstjórnar Grundarfjarðarbæjar, en bendir á að skv. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar eins og henni var breytt með 32. gr. laga nr. 164/2002 um breytingar á ýmsum lögum vegna verkefna Umhverfisstofnunar, og tók gildi 1. janúar 2003, beri að leita leyfis Umhverfisstofnunar fyrir framkvæmdinni.

Áætlun Vegagerðarinnar um gerð fyllingar milli brúar og stíflu yfir Mjósund.

Breiðafjarðarnefnd hafði fregnir af því að til stæði að gera fyllingu milli brúar og stíflu yfir Mjósund. Send var fyrirspurn til Vegagerðarinnar varðandi þetta þann 24. mars og barst svar samdægurs frá Magnúsi V. Jóhannssyni umdæmisstjóra, þar sem hann greinir frá fyrirhugaðri framkvæmd.

Nokkur umræða átti sér stað um málið.

Afgreiðsla: Ákveðið var að senda Vegagerðinni bréf og benda á að skv. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar, eins og henni var breytt með 32. gr. laga nr. 164/2002 um breytingar á ýmsum lögum vegna verkefna Umhverfisstofnunar, og tók gildi 1. janúar 2003, beri Vegagerðinni að leita leyfis Umhverfisstofnunar fyrir framkvæmdinni.

Framkvæmd verndaráætlunar í ljósi atvinnuuppbyggingar við Breiðafjörð

Ræddar voru hugmyndir um umsókn um rannsóknastyrki til Byggðastofnunar og atvinnuþróunarfélaga Vesturlands og Vestfjarða, sem ÞH hafði sett upp fyrir fundinn. Nefndarmönnum þóttu hugmyndirnar góðar, en ÆP vildi að innan c. liðs verði tilgreindar rannsóknir á náttúrufari og út verði tekið að kanna skuli áhrif ferðamenskunnar, þar sem það komi fram í d. lið.

Fram kom að ítarlegra gagna sé óskað við umsóknir af þessu tagi og ráðlagt væri að leita til fagaðila í því sambandi.

Afgreiðsla: Ákveðið var að ræða við atvinnumálafulltrúa Vesturlands um framkvæmd umsóknanna. Ritari tók að sér að ræða við Ásthildi Sturludóttur, frá atvinnuráðgjöf Vesturlands.

Stöðuskýrsla um stöðu og umfang skráninga á menningarminjum og örnefnum

MS lagði fram yfirlit yfir fornleifaskráningar á Breiðafjarðarsvæðinu og sagði frá þeim. Hann sagði frá því að hann hafi verið í sambandi við Örnefnastofnun og að fram hafi komið að nauðsynlegt sé að fara út í skráningar á ofangreindu. Ævar greindi frá því að margar af þeim örnefnaskrárm sem til eru þurfi að leiðrétta og að nauðsynlegt sé að fá loftmyndir af eyjunum og skrá inn á þær örnefni. Þá kom fram að sú fjárhæð sem fengist hefur nú þegar á fjárlögum til lögbundinna verkefna gæti nýst betur ef styrkveiting fengist frá Byggðastofnun og um hærri fjárhæð væri að ræða.

Afgreiðsla: Ákveðið var að halda undirbúningsvinnu áfram.

ÞH vék af fundi kl. 13:05.

Stöðuskýrsla um stöðu þekkingar á dýralífi, gróðri og jarðfræði

ÆP lagði fram tillögu að efnisyfirliti stöðuskýrslu um náttúrufar á Breiðafirði. Hann greindi frá tillögunum og ræddi um hvort ekki ætti að fjármagna vinnu

við stöðuskýrsluna með þeim fjármunum sem Breiðafjarðarnefnd fékk úthlutað vegna verndaráætlunar. Hann sagði fyrstu 5 liði yfirlitsins ásamt lið nr. 8 vera hugsanlegt innihald skýrslunnar og liði 6 og 7 frekar hugsaða sem framtíðarverkefni ef frekari styrkveitingar fást. Ákveðið var að bíða uns mál skýrðust með umsókn til Bygðastofnunar.

Afgreiðsla: Ákveðið var að halda undirbúningsvinnu áfram.

Önnur mál

Guðríður sagði frá því að Þingvellir væru fyrsta svæðið á Íslandi sem færi á heimsminjalistann og sé þar vegna menningarminja. Talað hefur verið um að Breiðafjörður verði settur á heimsminjalistann. Hún sýndi skýrsluna „Application for Inclusion in the World Heritage List Þingvellir National Park“.

Þá var ákveðið að stefna að því að nefndin fari í sumar í vettvangsskoðun um eyjar á Breiðafirði.

Fundi slitið kl. 13:40. Næsti fundur ákveðinn síðar.

40. fundur Breiðafjarðarnefndar,

haldinn 6. júní 2003, kl. 11:00 til 15:30 í Náttúrustofu Vesturlands, Stykkishólmi.

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Þórólfur Halldórsson, Magnús A. Sigurðsson, Sigurður Þórólfsson, Jóhannes Gíslason og Ævar Petersen.

Guðríður Þorvarðardóttir boðaði forföll.

Einnig var mætt Ásthildur Sturludóttir frá Atvinnuráðgjöf Vesturlands, sem sérstaklega var boðuð til fundarins.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Friðjón setti fundinn kl. 11:00.

DAGSKRÁ FUNDARINS

Framkvæmd verndaráætlunar í ljósi atvinnuuppbyggingar við Breiðafjörð

Ásthildur sagði frá því að Byggðastofnun hafi 500 milljónir króna til úthlutunar vegna atvinnuuppbyggingar. Nú þegar hefur verið auglýst að 350 milljónum af þeim verði varið til hlutafjárkaupa. Hún sagði frá því að hún hafi verið í sambandi við forsvarsmenn Byggðastofnunar og að hún teldi að ekki væri mikill grundvöllur fyrir því, eins og staðan er í dag, að sækja um styrki þangað. Hún benti á þann möguleika að sækja um styrk til Rannís. Hún sagði að ef vel gengi að fá styrk þaðan gætu opnast leiðir til að sækja um styrki frá Evrópu. Hún taldi upp styrki sem sækja mætti um og nefndi sem dæmi erlenda Háskóla, erlenda sjóði eins og NPP, Kristnihátíðarsjóð og fyrirtækjamarkaðina. Þá sagði hún það helst vera verkefni undir liðum C. og E. í samantekt nefndarinnar sem væru til þess fallin að fá styrki út á frá Rannís.

Ásthildur sagðist fyrir hönd Atvinnuráðgjafar Vesturlands vera reiðubúin að aðstoða við styrkumsóknirnar.

Afgreiðsla: Ákveðið var að Ásthildur hafi samband við Kristján Kristjánsson framkvæmdastjóra Rannís og Ingunni Bjarnadóttur hjá NPP og kynni sér þá möguleika sem eru á styrkveitingum.

Ásthildur vék af fundi kl. 11:25.

Fundargerð 39. fundar

Fundarritari las upp fundargerð 39. fundar, sem var samþykkt.

Ársskýrsla og heimasíða Náttúrustofu Vesturlands

Róbert Arnar Stefánsson forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands mætti til fundar kl. 11:30.

Róbert sagði frá því að Náttúrustofan sé nú komin með eigið lén, sem er www.nsv.is.

Þá afhenti hann nefndarmönnum ársskýrslu Náttúrustofunnar og fjallaði um þann kafla er varðar Breiðafjarðarnefnd í skýrslunni.

Nefndarmönnum þótti skýrslan fin og óskuðu Róberti til hamingju með hana.

Ævar sagði frá því að hann hafi gert athugasemdir við upphaflegt eintak af skýrslunni og sagði að misskilja hefði mátt orðalag þar sem fjallað var um Breiðafjarðarnefnd. Hann sagði að skýrslan væri glæsileg og orðalag betra.

Róbert vék af fundi kl. 11:40.

Vottunartvottorð Þörungaverksmiðjunnar og svarbréf Vottunarstofunnar Túns

Friðjón sagði frá því að hann hafi ætlað að ræða við forstjóra Þörungaverksmiðjunnar um það hvað felist í vottunum verksmiðjunnar, en hafi ekki haft tök á því.

Þá hefur vottunarstofan Tún svarað erindi nefndarinnar frá 4. apríl sl. þar sem óskað var eftir upplýsingum um hvaða reglur gildi hjá vottunarstofunni við útgáfu vottana.

Ævar sagði að hann myndi gjarnan vilja sjá reglur um lífræna framleiðslu og taka jafnframt boði vottunarstofunnar um að vottunarkerfið verði kynnt nánar fyrir nefndinni. Hann sagði að óskað hafi verið eftir upplýsingum frá Þörungaverksmiðjunni um það hvaða áhrif þangtekjan hafi á annað líf og hvaða rannsóknir hafi verið gerðar, en umbeðnar upplýsingar hafi ekki borist.

Afgreiðsla: Friðjón tók að sér að ræða við forstjóra Þörungaverksmiðjunnar fyrir næsta fund og afla ofangreindra upplýsinga.

Þangskurður við Flatey á Breiðafirði

Tekið var fyrir erindi frá Umhverfisstofnun, dags. 26. maí 2003, þar sem óskað er eftir áliti Breiðafjarðarnefndar á erindi Hlyns Gunnarssonar, Tómasar Sigurgeirssonar og Játvarðs V. Vilhjálmssonar, dags. 2. maí 2003, þar sem þeir óska eftir að fá að nýta þangslægjur við Flatey á Breiðafirði.

Jóhannes sagði að af því þangi sem er að hafa við Flatey sé frekar lítill hluti á friðlandi. Hann vitnaði í auglýsingu um friðland í Flatey nr. 385/1975 og gerði grein fyrir því hvar þang væri að finna við eyjuna. Þá sagði hann frá þangtekju og fjallaði um aðferðir ofl.

Jóhannes óskaði að bókað yrði að hann líti svo á að ábúendur séu hinir réttu viðsemjendur um þangtöku í Flatey, enda sé þang á fjörum hluti landsnytja þar, sem annarsstaðar á Breiðafirði. Meðan ekki hefur verið sýnt fram á að þangskurður hafi neikvæð áhrif á lífríki fjörunnar, sjái hann ekki réttmæti þess að skylduð sé undantekning á nytjum.

Ævar sagði frá því að hann hafi haft samband við ábúendur sem hafi verið frekar mótfallnir þangtekju í landi Flateyjar. Honum hafi verið sagt að þangskurður sé undanskilinn ábúendarétti og telur hann ekki um hefðbundin hlunnindi að ræða. Hann sagði allar upplýsingar vanta um áhrif þangskurðar á annað lífríki en þang. Þá sagðist hann telja að þar sem sláttur fari fram annarsstaðar á Breiðafirði þurfi ekki að slá við Flatey.

Nokkur umræða átti sér stað um málið.

Lagður var fram leigusamningur, skjal nr. 1038/80, milli Landnáms ríkisins og Svanhildar Jónsdóttur frá 1. október 1978.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemdir við að þangskurður eigi sér stað við Flatey frekar en annarsstaðar á Breiðafirði, enda liggja fyrir samþykki ábúenda. Þó leggst nefndin gegn því að þangtekja fari fram innan marka friðlands. Nefndin vekur jafnframt athygli á því að ekki hafi farið fram rannsóknir á áhrifum þangskurðar á annað lífríki, en telur slíkar rannsóknir mjög nauðsynlegar.

Umsókn um að reisa hús í Garpsdalsey

Tekið var fyrir erindi frá skrifstofu Reykhólahrepps, dags. 30. maí 2003, þar sem óskað er umsagnar Breiðafjarðarnefndar um umsókn Hafliða Viðars

Ólafssonar í Garpsdal til að reisa hús í Garpsdalsey. Þá lagði Ásgeir Gunnar fram á fundinum greinargerð umsækjanda vegna umsóknarinnar.

Afgreiðsla: Ákveðið var að benda skrifstofu Reykhólahrepps á að skv. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar, eins og henni var breytt með 32. gr. laga nr. 164/2002 um breytingar á ýmsum lögum vegna verkefna Umhverfisstofnunar, og tók gildi 1. janúar 2003, beri að leita leyfis Umhverfisstofnunar fyrir byggingunni.

Byggingaframkvæmdir í Flatey og Hrappsey

Tekið var fyrir erindi frá Umhverfisstofnun, dags. 5. júní 2003, þar sem óskað er eftir að Breiðafjarðarnefnd fjalli um hugmyndir Þorsteins Jónssonar og Tor Ödegaard fyrir hönd norsk-íslensks fyrirtækis sem ætlar sér að byggja upp menningartengda ferðaþjónustu á nokkrum stöðum á landinu, en þeir tengja Breiðafjörð sterkt við uppbyggingu ferðaþjónustunnar með byggingaframkvæmdum í Flatey og Hrappsey. Þeir óska eftir að heimiluð verði nýting eigna í Flatey og Hrappsey.

Nokkur umræða átti sér stað um málið, en erindið barst í morgun og hefur nefndarmönnum því ekki gefist kostur á að skoða málið almennilega.

Afgreiðsla: Ákveðið var að fresta afgreiðslu og skoða málið betur.

Stöðuskýrsla um stöðu og umfang skráninga á menningarminjum og örnefnum

Magnús lagði fram lista yfir þær heimildir sem hann telur að athuga þurfi. Hann sagði að ráða þurfi manneskju til að vinna við þessa upplýsingaöflun og skrá þær heimildir sem til eru um svæðið. Hann benti á Atvinnumiðlun stúdenta eða jafnvel bókasafnsfræðing í því sambandi. Hann sagði lítið búið að gera af skráningum á heimildum á þessu svæði en mikið væri til og það þurfi að safna þeim saman. Einnig þurfi að skrá jarðir á svæðinu. Hann sagði listann alls ekki tæmandi.

Afgreiðsla: Magnús tók að sér að leita eftir aðila til að hefja vinnu við verkefnið.

Stöðuskýrsla um stöðu þekkingar á dýralífi, gróðri og jarðfræði

Ævar hefur þegar skilað hugmyndum að innihaldi stöðuskýrslu um stöðu þekkingar á dýralífi, gróðri og jarðfræði. Hann sagði að framundan væri að finna aðila til að fullvinna skýrsluna, en í þessu felst mikil vinna. Hann býr sjálfur yfir verulegu magni af heimildum.

Afgreiðsla: Ævar tók að sér að finna aðila til að vinna við skýrsluna með haustinu.

Önnur mál

Friðjón minntist á að forstjóri Landmælinga hafi boðið nefndarmönnum í heimsókn til stofnunarinnar. Einnig minntist hann á að æskilegt væri að heimsækja Umhverfisstofnun.

Nefndarmenn ræddu fundarstaði almennt og voru sammála um að nauðsynlegt væri að funda víðar við Breiðafjörð.

Jóhannes sagði frá því að hann hafi kynnt sér verð á bátum í fyrirhugaða vettvangsferð. Ákveðið var að hefja ferðina í Bjarneyjum. Jóhannes tók að sér að semja við Sæferðir. Ritari mun í samráði við Jóhannes gera ferðaáætlun.

Ásgeir Gunnar, sem jafnframt er formaður Æðarræktunarfélags Snæfellinga, ræddi um greinargerð frá bændum í Garpsdal og frásögn þeirra um lágflug yfir varpeyjar á Gilsfirði. Sagði hann kvartanir ítrekað hafa borist Æðarræktunarfélaginu frá bændum vegna lágflugs yfir friðlýst æðarvörp við eftirlit með arnarvarpi.

Ásgeir Gunnar beinir þeirri kröfu til Umhverfisstofnunar fyrir hönd bænda að eftirlitsflugi í formi lágflugs yfir friðlýst æðarvörp í nafni vísinda verði þegar hætt.

**Ákveðið var að næsti fundur verði haldinn í kringum 18. júlí og verði þá farið í vettvangsferð um eyjar á Breiðafirði.
Fundí slitið kl. 15:30.**

41. fundur Breiðafjarðarnefndar,

haldinn 19. júlí 2003, kl. 18:10 til 19:20 á heimili Jóhannesar Gíslasonar í Skáleyjum.

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Þórólfur Halldórsson, Magnús A. Sigurðsson, Sigurður Þórólfsson, Jóhannes Gíslason og Ævar Petersen.

Fundarritari: Sigríður E Elisdóttir.

Farið var í vettvangsferð um eyjar á Breiðafirði og voru Bjarneyjar fyrst heimsóttar. Þaðan var ferðinni heitið í Rauðseyjar og í Sviðnur. Að lokum var haldið í Skáleyjar þar sem ferðafólk fékk kvöldverð að hætti eyjamanna og nefndarmenn funduðu.

Friðjón þakkaði Jóhannesi fyrir skipulagningu ferðarinnar, leiðsögn og góðar móttökur. Hann setti fundinn kl. 18:10.

DAGSKRÁ FUNDARINS

Fundargerð 40. fundar og bókanir í fundargerðir

Formaður las upp fundargerð 40. fundar. Fundargerðin var samþykkt með smávægilegum lagfæringum. Umræða átti sér stað um bókanir einstakra nefndarmanna í fundargerðir. Ævar benti á að skýr skil verða að vera á milli þess sem einstakir nefndarmenn láta bóka eftir sér í fundargerðir og mála sem eru afgreidd og samþykkt af nefndinni í heild.

Afgreiðsla: Ákveðið var að þegar bókanir eru gerðar eftir einstaka nefndarmönnum sé þess getið sérstaklega og að þær séu orðrétt ritaðar í fundargerðir innan gæsalappa. Aðrar bókanir teljast samþykktar af nefndinni allri.

Kræklingarækt við Purkey

Tekið var fyrir erindi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, dags. 20. júní 2003, þar sem óskað er eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar um drög að starfsleyfi fyrir kræklingarækt Breiðar ehf. við Purkey, Dalasýslu.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd getur fyrir sitt leyti fallist á leyfisveitinguna, en óskar hins vegar eftir að fá upplýsingar um þann varnarbúnað sem fyrirhugað er að setja upp til að hindra ágang fugls í kræklinginn og áskilur sér rétt til að gera athugasemdir við hann áður en honum verður komið fyrir.

Breiðafjarðarnefnd telur jafnframt að á gildistíma starfsleyfisins verði leyfishafa gert skylt að skrá ágang fugla í kræklinginn, s. s. tegundir og fjölda, og hvernig fugli reidur af við varnarbúnaðinn, s.s. hvort hann snúi frá eða ánetjist og drukkni.

Byggingaframkvæmdir í Flatey og Hrappsey

Tekið var fyrir erindi sem frestað var á síðasta fundi frá Umhverfisstofnun, dags. 5. júní 2003, þar sem óskað er eftir að Breiðafjarðarnefnd fjalli um hugmyndir Þorsteins Jónssonar og Tor Ödegaard fyrir hönd norsk-íslensks fyrirtækis sem ætlar sér að byggja upp menningartengda ferðaþjónustu á nokkrum stöðum á landinu. Þeir óska eftir að heimiluð verði nýting eigna í Flatey og Hrappsey.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd bendir á að gildandi skipulag í Flatey er ráðandi um hvaða framkvæmdir eru heimilar þar. Það er á hendi bygginganefndar Reykhólahrepps að taka ákvarðanir um breytta notkun húsnæðis varðandi frystihúsið í Flatey. Breiðafjarðarnefnd álitur að taka beri tillit til verndaráætlunar Breiðafjarðar ef skipulagsáætlunum í Flatey verði breytt.

Hvað hugmyndir um framkvæmdir í Hrappsey varðar telur Breiðafjarðarnefnd þær það viðamiklar að gera þurfi deiliskipulag fyrir eyjuna. Við gerð þess skipulags gerir Breiðafjarðarnefnd kröfu um að tekið verði tillit til verndaráætlunar Breiðafjarðar. Breiðafjarðarnefnd óskar eftir að fá tillögu að deiliskipulaginu senda til umsagnar.

Breiðafjarðarnefnd er almennt þeirrar skoðunar að koma þurfi á heildarskipulagi yfir ferðaþjónustuna á Breiðafirði sem allra fyrst.

Í ljósi afgreiðslu þessara mála óskaði ÆP eftir umræðu um hvað fælist í því “að taka beri tillit til verndaráætlunar Breiðafjarðar”. Nefndarmönnum þótti ástæða til að skilgreina það nánar en umræðunni var slegið á frest til næsta fundar.

Stöðuskýrsla um stöðu og umfang skráninga á menningarminjum og örnefnum

Magnús sagði frá því að hann hafi rætt við framkvæmdastjóra Fornleifaverndar ríkisins um þá hugmynd að gerður verði þjónustusamningur milli Breiðafjarðarnefndar og Fornleifaverndarinnar um gerð skýrslunnar. Magnús mun leggja fram drög að þeim samningi á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 19:20.

Næsti fundur ákveðinn síðar.

42. fundur Breiðafjarðarnefndar,

haldinn 25. september 2003, kl. 11:00 til 16:25 á Hótel Bjarkalundi.

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Þórólfur Halldórsson, Magnús A. Sigurðsson, Sigurður Þórólfsson, Ævar Petersen og Jóhannes Gíslason.

Fundarritari: Sigríður E Elisdóttir.

Guðríður Þorvarðardóttir boðaði forföll vegna veikinda.

Formaður setti fund kl. 11:00.

DAGSKRÁ FUNDARINS

Fundargerð 41. fundar

Formaður las upp fundargerð 41. fundar. Fundargerðin var samþykkt.

Skráning heimilda um menningarminjar á jörðum á verndarsvæði Breiðafjarðar

Lagður var fram samstarfssamningur milli Breiðafjarðarnefndar og Fornleifaverndar ríkisins varðandi skráningu heimilda um menningarminjar á jörðum á verndarsvæði Breiðafjarðar.

Afgreiðsla: Formaður Breiðafjarðarnefndar las upp samninginn og undirritaði fyrir hönd nefndarinnar. Samningurinn hefur þegar verið undirritaður af Kristínu Huld Sigurðardóttur fyrir hönd Fornleifaverndar ríkisins.

Stöðuskýrsla um náttúrufar á Breiðafirði

Ævar benti á að taka þurfi ákvörðun um það hvernig að skýrslunni verði staðið og lagði til að álíka samningur verði gerður um gerð skýrslunnar og gerður var við Fornleifaverndina. Þá átti sér stað mikil umræða um hve brýnt verkefni skráning örnefna á Breiðafirði er. Hugmyndir komu m.a. fram um að fá Ísgraf til samvinnu við skráningarnar og koma þeim í stafrænt form.

Afgreiðsla: Ákveðið var að fresta umræðu þar til í 9. lið dagskrár, þ.e. umræðu um fjármál Breiðafjarðarnefndar. Þá var ákveðið að Ásgeir Gunnar kanni möguleika á samstarfi við Ísgraf varðandi örnefnaskráningar og láti vita um undirtektir þeirra á næsta fundi.

Þéttbýlishluti aðalskipulags Grundarfjarðar 2003

Formaður las upp afrit af bréfi frá Umhverfisstofnun, dags. 29. ágúst 2003, sem sent var til Teiknistofunnar Eikar ehf. Í bréfinu koma fram athugasemdir Umhverfisstofnunar við ofangreinda skipulagstillögu.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd gerir ekki sérstakar athugasemdir að svo stöddu en frestar frekari umræðu til næsta fundar, eftir að hafa kynnt sér fundargerð 13. fundar Breiðafjarðarnefndar sem vísað er til í bréfinu.

Gert var stutt matarhlé kl. 12:00.

Fyrirhugaðar byggingaframkvæmdir í Flatey og Hrappsey, Breiðafirði

Formaður las upp afrit af bréfi frá Umhverfisstofnun, dags. 3. september 2003, sem sent var til Þorsteins Jónssonar og Tor Ödegaard. Í bréfinu er niðurstaða Umhverfisstofnunar í ofangreindu máli.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd gerir ekki sérstakar athugasemdir við bréfið.

Vottunaryvottorð Þörungaverksmiðjunnar

Friðjón sagði frá því að hann hafi rætt við Halldór Ó. Sigurðsson, framkvæmdastjóra Þörungaverksmiðjunnar varðandi það hvað felist í vottunum verksmiðjunnar og til að spyrjast fyrir um þær rannsóknir sem spurt hefur verið um í erindum nefndarinnar til verksmiðjunnar. Þá var Halldóri boðið til kaffis og umræðna með nefndarmönnum eftir fundinn. Halldór gat ekki þegið boðið, en sagði að í hans stað kæmi Gylfi Helgason, skipstjóri á Karlsey, en hann mun vera mjög kunnugur málum Þörungaverksmiðjunnar.

Atvinnuuppbygging við Breiðafjörð

Ásthildur Sturludóttir frá SSV þróun og ráðgjöf, hefur sent inn greinargerð um mögulega styrki til atvinnuuppbyggingar við Breiðafjörð. Einnig hefur hún sent inn ýmis umsóknarform frá Rannís. Formaður las upp greinargerðina.

Afgreiðsla: Ákveðið var að ritari ræði við Ásthildu um framkvæmd á umsókn til Rannís vegna C. og E. liða á minnisblaði nefndarinnar. Koma á inn umsókn fyrir 1. nóvember 2003 ef tók eru á. Þá mun ritari afla nánari upplýsinga um NPP styrkjakerfið og hvernig finna á samstarfsaðila.

Umræða sem frestað var á 41. fundi

Í ljósi afgreiðslu mála um byggingaframkvæmdir í Flatey og Hrappsey óskaði ÆP eftir umræðu um hvað fælist í því “að taka beri tillit til verndaráætlunar Breiðafjarðar”. Nefndarmönnum þótti ástæða til að skilgreina það nánar en umræðunni var slegið á frest til þessa fundar. Fram kom að þetta sé orðalag úr 6. gr. laga um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995. Einnig kom fram að verndaráætlunin hafi ekki verið til þegar löggin voru samþykkt og enn eigi eftir að skilgreina þetta orðalag nánar, þar sem það sé ekki nógu skýrt þegar til framkvæmda kemur.

Afgreiðsla: Ákveðið var að í stað þess að nota orðalag eingöngu með almennum hætti megi einnig vísa í ákveðna þætti verndaráætlunar sem eiga við hverju sinni.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar

Skv. rekstraráætlun Breiðafjarðarnefndar hefur nefndin til umræða óráðstafað fé í verkefni. Ýmsar hugmyndir komu fram á fundinum og bar þar hæst umræðu um skipulagsmál.

Þá var rætt um fjárframlag til nefndarinnar frá ríkinu á næsta ári, en Friðjón sagði frá því að hann muni eiga viðræður þess efnis við Magnús Stefánsson formann fjárlaganefndar Alþingis á næstunni. Þá þarf að forgangsraða verkefnum og senda inn til umhverfisráðuneytisins.

Fundi var frestað kl. 14:30.

Kl. 14:30 mætti Einar Örn Thorlacius, sveitarstjóri Reykhólahrepps ásamt hreppsnefndarmönnum Málfríði Vilbergsdóttur, Agli Sigurgeirssyni og Gústafi Jökli Ólafssyni. Þá var mættur séra Bragi Benediktsson prófastur og með honum Hákon Árnason. Frá Þörungaverksmiðjunni kom Gylfi Helgason, skipstjóri á Karlsey.

Friðjón kynnti nefndina og störf hennar og nefndarmenn svöruðu spurningum. Þá spurðu nefndarmenn Gylfa út í vottanir Þörungaverksmiðjunar og hvað felist í þeim. Gylfi svaraði því. Góð umræða átti sér stað um hin ýmsu málefni er varða verndarsvæði Breiðafjarðar.

Hreppsnefndarmaðurinn Bjarki Stefán Jónsson og Hafliði Viðar Ólafsson frá Garpsdal mættu kl. 16:00.

Fundi slitið kl. 16:25. Næsti fundur ákveðinn síðar.

43. fundur Breiðafjarðarnefndar,

haldinn 29. október 2003, kl. 11:00 til 16:00 í Stykkishólmi.

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Þórólfur Halldórsson, Magnús A. Sigurðsson, Sigurður Þórólfsson og Ævar Petersen.

Fundarritari: Sigríður E Elisdóttir.

Jóhannes Gíslason komst ekki til fundarins.

Formaður setti fund kl. 11:00.

DAGSKRÁ FUNDARINS

Fundargerð 42. fundar

Formaður las upp fundargerð 42. fundar. Fundargerðin var samþykkt með smávægilegum lagfæringum.

Stöðuskýrsla um náttúrufar á Breiðafirði

Rætt var hvort gera eigi samskonar samning við Náttúrufræðistofnun Íslands um gerð skýrslu um náttúrufar á Breiðafirði og gerður var við Fornleifavernd ríkisins um skráningu heimilda um menningarminjar á jörðum á verndarsvæði Breiðafjarðar.

Afgreiðsla: Ákveðið var að ganga frá samningi við Náttúrufræðistofnun Íslands um gerð ofangreindrar skýrslu. Formanni var falið að ganga frá undirskrift fyrir hönd nefndarinnar.

Heimsókn til Landmælinga Íslands

Formaður sagði frá því að Magnús Guðmundsson forstjóri Landmælinga Íslands hafi boðið nefndarmönnum í heimsókn til stofnunarinnar á Akranesi. Hann nefndi dagsetningar sem henta til heimsóknarinnar og óskaði eftir að nefndarmenn hugsuðu málið.

Afgreiðsla: Ákveðið var að heimsækja stofnunina 13. nóvember nk. og munu þau Friðjón, Magnús, Ævar, Guðríður, Sigurður og Ásgeir Gunnar komast þann dag.

Þéttbýlishluti aðalskipulags Grundarfjarðar 2003

Rætt var bréf frá Umhverfisstofnun, dags. 29. ágúst 2003, sem sent var til Teiknistofunnar Eikar ehf. með afriti til Breiðafjarðarnefndar. Í bréfinu koma fram athugasemdir Umhverfisstofnunar við ofangreinda skipulagstillögu.

Nefndarmenn töldu nauðsynlegt að leiðrétta misskilning sem fram kemur í bréfi dags. 29. ágúst 2003 og varðar þéttbýlishluta aðalskipulags Grundarfjarðar. Þar segir: “Í greinargerð aðalskipulagsins er þetta skýrt að á 13. fundi Breiðafjarðarnefndar hafi verið samþykkt að vernd Breiðafjarðar nái ekki til strandarinnar innan þéttbýlishluta Grundarfjarðar.” Þá beri að geta þess að mörk verndarsvæðis Breiðafjarðar eru ákveðin með lögum nr. 54/1995 og einungis á valdi Alþingis að breyta mörkum þess.

Bókun á 13. fundi Breiðafjarðarnefndar sem vitnað er til er svohljóðandi: “Ákveðið var að svara erindinu á þann veg að gera ekki athugasemdir við fyrirleggjandi tillögu að breyttu aðalskipulagi í þéttbýli Eyrarsveitar,

Grundarfirði.” Í því felst m.a. að fullt tillit verði tekið til þeirra lagaákvæða sem málið varðar.

Vegna fullyrðingar þar sem segir: “Er þar jafnframt vísað til þess að Breiðafjarðarnefnd hafi fyrir sitt leyti samþykkt að þéttbýliskjörnum við Breiðafjörð sé ekki íþyngt með strangri vernd næst þeim” er væntanlega verið að vísa til 35. fundar, þann 8. október 2002, þar sem átti sér stað umræða um hugsanlega tilfærslu á mörkum verndarsvæðisins inn til landsins. Þar áréttuðu fulltrúar sveitarstjórna að ef mörk verndarsvæðis Breiðafjarðar yrðu skilgreind upp úr fjörunni verði þéttbýli að vera undanskilið og tóku flestir nefndarmenn í Breiðafjarðarnefnd undir þá skoðun án þess að gerð væri um það sérstök samþykkt nefndarinnar. Að lokum vildu nefndarmenn árétta að þeir tjáðu sig eingöngu um þéttbýlishluta sveitarfélaga á umræddum fundi.

Afgreiðsla: Nefndarmenn sögðu skýrt að strendur þéttbýliskjarna eru ekki undanskyldar í lögum um vernd Breiðafjarðar. Þá sé tilvitnun í fundargerð 13. fundar röng. Ákveðið var að koma leiðréttingum á framfæri við Umhverfisstofnun. Afrit verði sent Grundarfjarðarbæ og Skipulagsstofnun.

Tilkynning frá Umhverfisstofnun varðandi forkaupsrétt umhverfisráðuneytisins á Hrappsey

Formaður las upp tilkynningu frá Umhverfisstofnun, dags. 6. október 2003, en henni fylgdi afrit af bréfi umhverfisráðuneytisins, dags. 8. September 2003, þar sem fram kemur að ráðuneytið hyggist ekki nýta forkaupsrétt að Hrappsey.

Afgreiðsla: Ekki voru gerðar sérstakar athugasemdir við tilkynninguna af hálfu nefndarmanna.

Hugsanlegt samstarf við Ísgraf um örnefnaskráningar

Ásgeir Gunnar sagði frá því að hann hafi rætt við forsvarsmenn Ísgrafs og hafi þeir lýst sig tilbúna til samstarfs við örnefnaskráningar. Þeir eigi mikið af myndum og miðað við það sem til er nú þegar sé hægt að koma verkefninu af stað. Eitthvað vanti þó af myndum af Breiðafirði í heild, en mikið sé í vinnslu. Hann sagði þá reiðubúna til að veita leyfi fyrir notkun myndanna og slá inn gögn gegn því að fá nota þau sjálfir.

Ljóst er að Breiðafjarðarnefnd muni koma til með að hafa not fyrir kort af mismunandi skala og yrði því að vera skýrt í samningi við Ísgraf hver réttur nefndarinnar yrði á því að nýta kortin sem unnin yrðu.

Afgreiðsla: Ásgeir Gunnar tók að sér að halda áfram viðræðum við Örn Arnar Ingólfsson hjá Ísgrafi og Magnús tók að sér að ræða við Svavar Sigmundsson frá Örnefnastofnun um samvinnu við verkefnið. Ákveðið var að boða bæði Svavar og Örn á fund nefndarinnar í Reykjavík í byrjun desember til frekari viðræðna.

Þá var ákveðið að ritari kanni möguleika á því að sækja um styrk til verkefnisins í Nýsköpunarsjóð í samstarfi við Ísgraf, Örnefnastofnun og jafnvel fleiri aðila og hafa þær upplýsingar tiltækar á næsta fundi.

Tekið var stutt kaffihlé kl. 13:10

Styrkumsókn Jóhanns Ásmundssonar f.h. Minjasafns Egils Ólafssonar

Tekið var fyrir erindi Jóhanns Ásmundssonar, f.h. Minjasafns Egils Ólafssonar, dags. 16. október 2003, þar sem sótt er um styrk að upphæð kr. 1.000.000.- til

Breiðafjarðarnefndar. Styrkinn á að nota til að efna til námskeiðs í smíði og siglingu hinna gömlu árabáta.

Erindið var rætt.

Afgreiðsla: Nefndin taldi áhugavert verkefni að viðhalda gamalli verkmenningu en sá sér ekki fært um að veita umbeðinn styrk.

Vottunarovottorð Þörungaverksmiðjunnar

Á 42. fund nefndarinnar mætti m.a. Gylfi Helgason frá Þörungaverksmiðjunni og gerði grein fyrir reglum Túns um lífræna framleiðslu og sagði frá því að engar rannsóknir hafi verið gerðar varðandi áhrif þangtekju á lífríkið í Breiðafirði.

Afgreiðsla: Ákveðið var að setja upp hnitmiðaðar spurningar sem nefndarmenn vilja fá svör við og senda Þörungaverksmiðjunni. Ævar tók að sér að setja upp spurningarnar. Þá var ákveðið að skrifa til Túns og biðja um svör við því hvernig þeir fylgist með því hvort skilyrði fyrir vottunum þeirra séu uppfyllt. Einnig var ákveðið að ítreka bréfin til Þörungaverksmiðjunnar frá 10. júní 2002 og 2. desember 2002.

Styrkumsóknir

Ritari Breiðafjarðarnefndar hefur kannað möguleika á styrkveitingum til nefndarinnar og kynnt nefndarmönnum niðurstöðu sína.

Afgreiðsla: Ákveðið var að halda áfram fyrirgrennslan um möguleika á styrkveitingum. Frekari umræðu var frestað til næsta liðs dagskrár, þ.e. umræðu um fjármál Breiðafjarðarnefndar.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar

Skv. rekstraráætlun Breiðafjarðarnefndar hefur nefndin til umráða óráðstafað fé til verkefna. Ekki gafst tími til að klára afgreiðslu þessa máls á 42. fundi og var umræðu nú haldið áfram. Fram kom að enn séu óunnin brýn verkefni sem sótt hefur verið um fjármagn í og voru helst nefnd skipulagsmál, kynningarmál og stöðuskýrsla um atvinnumál.

Fram komu hugmyndir um að kanna stöðuna hjá sveitarfélögunum í skipulagsmálum og í framhaldi af því sækja um fjárveitingu í samvinnu við sveitarfélögin til að vinna að gerð aðalskipulags fyrir Breiðafjarðarsvæðið.

Einnig komu fram hugmyndir um gerð kynningarefnis og lagði Guðríður fram fjölmörg sýnishorn af kynningarbæklingum.

Afgreiðsla: Ákveðið var að ritari hafi samband við bæjar- og sveitarstjóra á svæðinu og kanni stöðu skipulagsmála hjá sveitarfélögunum. Einnig var ákveðið að láta vinna almennan kynningarbækling um Breiðafjörð og helstu markmið um vernd Breiðafjarðar. Ritari mun ræða við Reyni Ingibjartsson sem hannaði bækling um inn-Snæfellsnes og kanna verð. Guðríður tók að sér að kanna hvað vinna við bækling muni kosta hjá öðrum aðilum sem unnið hafa við gerð þeirra.

Önnur mál

Verndaráætlun um Breiðafjörð

Rætt var um verndaráætlunina og að hún renni út á næsta ári.

Afgreiðsla: Sækja þarf um fjármagn til að uppfæra og endurútgefa verndaráætlunina.

Viðurkenning í umhverfismálum

Guðríður sagði frá Bláfánanum, sem er alþjóðlegt merki og hefur þann tilgang að stuðla að verndun umhverfis hafna og baðstranda. Tvær hafnir hafa þegar fengið þessa viðurkenningu, en það eru smábátahafnirnar í Stykkishólmi og Borgarfirði eystri. Lögð voru fram drög að bréfi frá Breiðafjarðarnefnd til hafnarstjórna allra sveitarfélaga við Breiðafjörð að Stykkishólmi undanskyldum, þar sem nefndin hvetur þær til að kynna sér reglur um Bláfánann og sækja um hann, þar sem Breiðafjörður er verndarsvæði samkvæmt lögum.

Afgreiðsla: Drögin voru samþykkt og ákveðið að senda út erindið.

Ítrekun erinda

Guðríður sagði frá því að ítrekað hafi verið erindi til menntamálaráðuneytisins frá 23. september 2002 þar sem óskað var eftir því við ráðuneytið að sett verði í reglugerð vernd menningarsögulegra minja í Flatey, sbr. 5. gr. laga um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995.

Svar barst frá menntamálaráðuneytinu nú í morgun um að erindið væri til skoðunar í ráðuneytinu.

Fundi slitið kl. 16:00

Næsti fundur ákveðinn 13. nóvember nk. hjá Landmælingum Íslands á Akranesi ef mögulegt er. Ákveðið var að síðasti fundur ársins verði haldinn í Reykjavík mánudaginn 8. desember.

44. fundur Breiðafjarðarnefndar,

haldinn 17. nóvember 2003, kl. 11:00 til 14:40 í húsnæði Landmælinga Íslands á Akranesi.

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Þórólfur Halldórsson, Magnús A. Sigurðsson, Sigurður Þórólfsson og Jóhannes Gíslason..

Fundarritari: Sigríður E Elisdóttir.

Guðríður Þorvarðardóttir komst ekki vegna anna. Ævar Petersen var erlendis. Þorleifur Eiríksson, varamaður Ævars, var boðaður en komst ekki vegna anna.

Fundarmenn heimsóttu Landmælingar Íslands kl. 11:00 og tóku Magnús Guðmundsson forstjóri, Eydís Líndal Finnbogadóttir forstöðumaður kortasviðs og Gunnar Kristjánsson sölustjóri vel á móti þeim. Magnús sagði m.a. frá starfsemi stofnunarinnar og markmiðum. Eydís Líndal kynnti fyrir nefndarmönnum nýjan kortagrunn sem til stendur að kynna opinberlega á næstunni. Gunnar kynnti Atlaskort sem eru um 100 ára gömul og hafa nú verið gefin út á geilsladiski, en þau voru skönnuð inn og sett upp í hnitakerfi.

Friðjón sagði frá störfum nefndarinnar.

Þá var stofnunin skoðuð og snæddur hádegisverður með starfsfólki.

Kl. 13:00 mætti Benedikt Eypórsson, sem tók að sér að skrá heimildir um menningarminjar á jörðum á verndarsvæði Breiðafjarðar skv. samningi við Fornleifavernd ríkisins.

Formaður setti fund kl. 13:05.

DAGSKRÁ FUNDARINS

Fundargerð 43. fundar

Formaður las upp fundargerð 43. fundar.

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt.

Skráning heimilda um menningarminjar á verndarsvæði Breiðafjarðar

Benedikt tók til máls og sagði frá því að hann hafi verið í hlutastarfi frá því í byrjun október við skráningar á heimildum. Hann gerði grein fyrir vinnu sinni hingað til og sagðist vera búinn að skrá mestan hluta þeirra heimilda sem til eru um menningarminjar á verndarsvæðinu. Þá hafi mikil vinna verið við að flokka þær heimildir sem hann hefur þegar fundið. Áætlað er að ljúka skráningunni fyrir jól.

Nefndarmenn bentu á að margar heimildir tilheyrðu fleiri en einum flokki og töldu rétt að þær verði tilgreindar undir öllum tilheyrandi flokkum til að auðvelda heimildaleit. Einnig var bent á myndasöfn og fleira sem heima ætti í yfirlitinu.

Afgreiðsla: Nefndarmenn voru ánægðir með þá vinnu sem unnin hefur verið til þessa og óskuðu eftir að fá að lesa handrit yfir áður en verkinu lýkur. Þá mun Benedikt skila inn eintaki af því sem komið verður fyrir næsta fund.

Stöðuskýrsla um stöðu þekkingar á dýralífi, gróðri og jarðfræði

Formaður las upp drög að samningi við Náttúrufræðistofnun Íslands um gerð ofangreindrar skýrslu.

Afgreiðsla: Ekki voru gerðar athugasemdir við samninginn og undirritaði formaður hann fyrir hönd nefndarinnar.

Örnefnaskráningar

Formaður sagði frá því að ritari hafi haft samband við Nýsköpunarsjóð og kannað möguleika á styrk vegna verkefnisins. Þau svör fengust að sjóðurinn sé að mestu hættur almennum styrkjum og sé eingöngu í áhættulánum og hlutafjárþátttöku.

Ásgeir Gunnar sagði frá því að hann hafi rætt við Gísla Karel Halldórsson, sem hefur ásamt hollvínasamtökunum Eyrbyggjum staðið fyrir skráningu á örnefnum í Eyrarsveit. Hann lýsti því ferli sem unnið var við örnefnaskráningarnar þar.

Magnús sagði frá því að hann hafi rætt við Svavar Sigmundsson, forstöðumann Örnefnastofnunar og að hann hafi tekið jákvætt í samvinnu um verkefnið og væri reiðubúinn að mæta á fund nefndarinnar þann 8. des. nk.

Afgreiðsla: Ákveðið var að hefjast handa og byrja á skráningu örnefna á jörðinni Dröngum á Skógarströnd. Ákveðið var að boða Örn Ingólfsson frá Ísgrafi og Svavar Sigmundsson forstöðumann Örnefnastofnunar til næsta fundar. Magnús og Ásgeir Gunnar tóku að sér að undirbúa áætlun fyrir næsta fund um örnefnaskráningu á Dröngum.

Staða skipulagsmála hjá sveitarfélögum við Breiðafjörð

Formaður sagði frá því að ritari hafi kannað stöðu mála í skipulagsmálum hjá sveitarfélögum við Breiðafjörð og fengið þær upplýsingar að lokið sé við gerð aðalskipulags í Stykkishólmi og er hönnuður þess Bæring Bjarnar Jónsson hjá Glámu Kím. Verið er að leggja lokahönd á aðalskiplag fyrir Grundarfjarðarbæ og er hönnuður þess Erla Bryndís Kristjánsdóttir hjá Teiknistofunni Eik. Þá stendur yfir hönnun á skipulagi í Dalabyggð, en það er Gísli Gíslason hjá Landmótun sem er hönnuður þess. Þá er í gildi til ársins 2007 aðalskiplag fyrir Snæfellsbæ. Í öðrum sveitarfélögum er verið að leita tilboða í gerð aðalskipulags en ekki hefur verið samið við teiknistofur um verkið. Ekki lágu fyrir upplýsingar um stöðu mála hjá Helgafellssveit.

Afgreiðsla: Ákveðið var að viðra þá hugmynd við sveitarfélögin að aðili verði fenginn til að vinna drög að aðalskiplagi fyrir verndarsvæði Breiðafjarðar sem yrðu svo tekin inn í gerð aðalskipulags fyrir hvert sveitarfélag fyrir sig. Þórólfur tók að sér að gera uppkast að bréfi til sveitarfélaganna þess efnis. Friðjón tók að sér að ræða við skipulagsstjóra.

Útgáfa kynningarefnis um Breiðafjörð

Formaður sagði frá því að ritari hafi haft samband við Reyni Ingibjartsson, útgefanda bæklinga um inn-Snæfellsnes og fengið uppgæfið hjá honum hvað sú útgáfa kostaði, en hann var gefinn út í 15.000 eintökum. Þá lágu fyrir á fundinum upplýsingar frá Guðríði Þorvarðardóttur um kostnað við bæklingagerð frá Umhverfisstofnun.

Afgreiðsla: Ákveðið var að fresta umræðu um útgáfu kynningarefnis til næsta fundar.

Fundi slitið kl. 14:40. Næsti fundur haldinn í Reykjavík mánudaginn 8. desember nk.

45. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 15. desember 2003 í Reykjavík.

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Ævar Petersen, Ásgeir Gunnar Jónsson, Þórólfur Halldórsson, Magnús A. Sigurðsson, Sigurður Þórólfsson og Jóhannes Gíslason.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Fundarmenn heimsóttu Loftmyndir/Ísgraf, Laugavegi 13 í Reykjavík kl. 11:00 og tók Örn Ingólfsson framkvæmdastjóri vel á móti þeim. Hann kynnti aðferðarfræði fyrirtækisins við að búa til og safna gögnum. Hann afhenti fundarmönnum kynningareintak af korti sem unnið var af þeim. Þá lýsti hann búnaði þeirra og svaraði fyrirspurnum.

Gestur fundarins var Svavar Sigmundsson, forstöðumaður Örnefnastofnunar.

Fundi var fram haldið í Umhverfisstofnun kl. 12:50 og var þá einnig mætt Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður.

DAGSKRÁ FUNDARINS

Fundargerð 44. fundar

Formaður las upp fundargerð 44. fundar.

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt með smávægilegum lagfæringum.

Svarbréf menntamálaráðuneytisins

Rætt var svarbréf menntamálaráðuneytisins, dags. 11. nóvember sl., við erindi nefndarinnar frá 23. september 2002, þar sem þess var óskað að menntamálaráðuneytið setji reglugerð um vernd menningarsögulegra minja á verndarsvæði Breiðafjarðar í samræmi við 5. gr. laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.

Afgreiðsla: Magnús tók að sér að hafa samband við Fornleifavernd ríkisins og Húsafriðunarnefnd og fá þeirra hugmyndir um reglugerð áður en drög að reglugerðinni verða unnin.

Skráning heimilda um menningarminjar á verndarsvæði Breiðafjarðar

Nefndarmenn ræddu heimildaskrá Benedikts Eypórssonar. Hann sendi nefndarmönnum eintak af skránni til skoðunar, en hún er ekki full unnin.

Afgreiðsla: Nefndarmenn voru ánægðir með skrána þó gerð slíkrar samantektar sé í sjálfu sér endalaus. Svavar bætti því við að hjá Örnefnastofnun væru til miklar heimildaskrár og að Benedikt væri frjálst að skoða þær.

Útgáfa kynningarbæklings um Breiðafjörð

Rædd var fyrirhuguð útgáfa kynningarbæklings um Breiðafjörð. Fram kom að bækingurinn yrði að vera gefinn út á íslensku og ensku. Friðjón las upp erindi frá Náttúrustofu Vesturlands, dags. 10. desember 2003, þar sem minnt er á hlutverk Náttúrustofunnar. Erindið var rætt og benti Ævar í því sambandi á 7. gr. laga um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995, þar sem segir “Með rannsóknum á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands, náttúrustofu Vestfjarða og náttúrustofu á Vesturlandi, sbr. [lög nr. 60/1992](#), skal markvisst unnið að því að auka þekkingu á náttúru Breiðafjarðarsvæðisins til að tryggja sem best verndun þess.

Breiðafjarðarnefnd skal í samráði við þessa aðila láta gera áætlun um æskilegar rannsóknir á svæðinu og endurskoða hana reglulega.”

Afgreiðsla: Ákveðið var að bjóða Náttúrustofu Vesturlands að gera tilboð í gerð kynningarbæklings og gera tillögu að efnistöfum.

Jóhannes þurfti að víkja af fundi kl. 13:20.

Örnefnaskráningar að Dröngum

Ásgeir Gunnar sagði frá stöðu mála, en hann hefur prentað út nokkuð margar loftmyndir, með leyfi Loftmynda/Ísgrafs, af landi Dranga og sent til tveggja systkina frá Dröngum og mun annað þeirra skrá örnefnin inn á myndirnar og er hinn aðilinn að skrá örnefnin á tölvutækt form. Hann er langt kominn með það verkefni. Vonast er til að hægt verði að koma með sýnishorn af þessari vinnu á næsta fund. Ásgeir Gunnar sagði mikla vinnu að halda utan um verkefnið. Þá var rætt um það fjármagn sem þarf og að nauðsynlegt sé að draga upp samning um verkefnið milli Loftmynda/Ísgrafs, Örnefnastofnunar og Breiðafjarðarnefndar.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd samþykkti að leita samstarfs við Örnefnastofnun og Loftmynda/Ísgrafs um færslu örnefna við Breiðafjörð. Áður en innihald endanlegs samnings um verkið er ákveðið skal þó gerð tilraun um framkvæmd og verklag þessarar vinnu á jörðinni Dröngum á Skógarströnd á kortagrunn Loftmynda/Ísgrafs, sbr. munnlegt samkomulag þar um. Ásgeir Gunnar og Þórólfur tóku að sér að ganga í málið og gera drög að samningi. Svavar samþykkti bókunina fyrir hönd Örnefnastofnunar.

Svavar Sigmundsson vék af fundi kl. 14:20.

Skipulagsmál

Lögð voru fram drög að bréfi til sveitarfélaganna átta við Breiðafjörð þar sem Breiðafjarðarnefnd fer þess vinsamlegast á leit við sveitarfélögin að þau láti álit sitt í ljós á þeirri hugmynd að nefndin í umboði sveitarfélaganna og með samþykki Skipulagsstofnunar leiti til skipulagshönnuðar um að gera í einu lagi drög að aðalskipulagi fyrir allt svæðið sem er innan marka verndarsvæðis Breiðafjarðar, með það fyrir augum að því verði síðan skipt upp og fellt að aðalskipulagi hvers sveitarfélags. Hugmyndin byggist jafnframt á því að leitað verði eftir sérstakri fjárveitingu ríkisins til að standa straum af kostnaði við þessa skipulagsvinnu að sem mestu leyti, líkt og rætt var á fundi Breiðafjarðarnefndar með sveitarstjórnarmönnum í Stykkishólmi 8. október 2002.

Friðjón sagði frá því að hann hafi haft samband við Stefán Thors, skipulagsstjóra og rætt málið símileiðis við hann.

Afgreiðsla: Drögin voru samþykkt með smávægilegum breytingum og ákveðið að senda bréfið til allra sveitarfélaga við Breiðafjörð.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar

Friðjón sagði frá því að samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2004 er fjárframlag til Breiðafjarðarnefndar 6.9 milljónir.

Afgreiðsla: Ákveðið var að vinna tillögur vegna fjárlaga 2005 strax á nýju ári og koma þeim inn í fjárlagagerðina. Jafnframt þarf að útvega fjármagn til endurútgáfu verndaráætlunar.

Önnur mál

Útsend erindi

Spurst var fyrir um það hvort svar hafi borist frá Þörungaverksmiðjunni við erindi nefndarinnar frá 17. nóvember sl. Þá var einnig spurst fyrir um það hvort svar hafi borist við erindi nefndarinnar til Umhverfisstofnunar, með afriti til Grundarfjarðarbæjar og Skipulagsstofnunar, dags. 3. nóvember sl. Svarbréf hafa ekki borist við þessum erindum.

Fundi slitið kl. 15:00.

Næsti fundur verður haldinn í byrjun nýs árs.

VIÐAUKI – II

Yfirlit yfir innsend og útsend erindi árið 2003

Innsend erindi 2003

1. 7. janúar 2003. Landmælingar Íslands.
Efni: Kortagögn af Breiðafjarðarsvæðinu. Svarbréf við erindi Breiðafjarðarnefndar frá 2. desember 2002.
2. 7. janúar 2003. Landmótun, Gísli Gíslason landslagsarkitekt.
Efni: Minnispunktar um skipulagsmeðferð ásamt drögum um verkáætlun.
3. 17. janúar 2003. Vegagerðin.
Efni: Snæfellsnesvegur um Kolgrafafjörð í Eyrarsveit og Helgafellssveit.
4. 4. febrúar 2003. Þörungaverksmiðjan.
Efni: Skýrsla/rannsóknir (Tölvupóstur)
5. (17. febrúar 2003.) Þörungaverksmiðjan.
Ljósrit af vottunum vegna lífrænnar framleiðslu.
6. 18. febrúar 2003. Umhverfisráðuneytið.
Efni: Tilkynning um mat þóknanaefndar á þóknun til nefndarmanna vegna fundarsetu ársins 2002.
7. Ódagsett. Skipulags- og byggingafulltrúinn í Grundarfirði.
Efni: Umsögn um framkvæmdaleyfi vegna vegagerðar Snæfellsnesvegur um Kolgrafafjörð.
8. 24. mars 2003. Vegagerðin.
Efni: Vegagerð í Kolgrafafirði, þverun í Mjósundum. (Tölvupóstur).
9. 28. apríl 2003. Rune S. Selbekk.
Efni: Umsókn um sýnatökuleyfi í Hrappsey og Purkey. (Tölvupóstur).
10. 7. maí 2003. Tún Vottunarstofa.
Efni: Bréf Breiðafjarðarnefndar dags. 4. apríl 2003.
11. 8. maí 2003. Umhverfisstofnun
Beiðni um leyfi til bráðabirgðafyllingar með ræsi yfir Mjósund.
12. 26. maí 2003. Umhverfisstofnun.
Efni: Þangskurður við Flatey í Breiðafirði.

13. 30. maí 2003. Skrifstofa Reykhólahrepps.
Efni: Óskað umsagnar Breiðafjarðarnefndar um umsókn til að reisa hús í Garpsdalsey.
14. 5. júní 2003. Umhverfisstofnun.
Efni: Byggingaframkvæmdir í Flatey og Hrappsey.
15. 20. júní 2003. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands.
Efni: Kræklingarækt Breiðar ehf. við Purkey, Dalasýslu.
16. 27. júní 2003. Afrit af bréfi til landbúnaðarráðuneytisins frá Umhverfisstofnun.
Efni: Þangskurður við Flatey í Breiðafirði.
17. 29. ágúst 2003. Afrit af bréfi til Teiknistofunnar Eikar ehf. frá Umhverfisstofnun.
Efni: Þéttbýlishluti aðalskipulags Grundarfjarðar 2003-2015
18. 3. september 2003. Afrit af bréfi til Þorsteins Jónssonar frá Umhverfisstofnun.
Efni: Fyrirhugaðar byggingaframkvæmdir í Flatey og Hrappsey, Breiðafirði.
19. 23. september 2003. SSV Þróun og ráðgjöf
Efni: Mögulegir styrkir til atvinnuuppbyggingar við Breiðafjörð.
20. 6. október 2003. Umhverfisstofnun.
Efni: Forkaupsréttur á Hrappsey.
21. 16. október 2003. Minjasafn Egils Ólafssonar
Efni: Styrkumsókn
22. 29. október 2003. Menntamálaráðuneytið. (Tölvupóstur)
Efni: Ósvarað erindi frá Breiðafjarðarnefnd
23. 11. nóvember 2003. Menntamálaráðuneytið.
Efni: Reglugerð um vernd menningarsögulegra minja.
24. 10. desember 2003. Náttúrustofa Vesturlands.
Efni: Úthlutun verkefna og hlutverk Náttúrustofu Vesturlands
25. 17. desember 2003. Skipulagsstofnun.
Efni: Vestfjarðavegur nr. 60 Bjarkalundur – Eyri í Reykhólahreppi, Austur Barðastrandarsýslu. Beiðni um tillögu að matsáætlun.

Útsend erindi 2003

1. 12. janúar 2003. Umhverfissráðuneytið.
Efni: Þóknarir vegna fundarsetu árið 2002.
2. 14. janúar 2003. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands.
Efni: Umsögn um drög að starfsleyfi fyrir þorskeldisstöð Alex Páls Ólafssonar úti fyrir Baulutanga í Stykkishólmi.
3. 20. febrúar 2003. Vegagerðin.
Efni: Snæfellsnesvegur um Kolgrafafjörð í Eyrarsveit og Helgafellssveit.
4. 24. febrúar 2003. Fjársýsla ríkisins.
Efni: Óskað eftir þóknun samkv. mati þóknananeftdar.
5. 24. mars 2003. Vegagerðin
Efni: Óskað eftir upplýsingum um fyrirhugaðan bráðabirgðaveg fyrir þungavinnuvélar í Mósundum. (Tölvupóstur)
6. 4. apríl 2003. Grundarfjarðarbær
Efni: Vegagerð Snæfellsnesvegur um Kolgrafafjörð.
7. 4. apríl 2003. Vegagerðin
Efni: Vegagerð í Kolgrafafirði, þverun í Mjósundum.
8. 4. apríl 2003. Vottunarstofan Tún ehf.
Efni: Reglur við útgáfu vottunavottorða
9. 2. maí 2003. Norræna eldfjallastöðin, dr. Rune S. Selbekk
Efni: Umsókn um leyfi fyrir töku bergsýna í Hrappsey og Purkey á Breiðafirði.
10. 13. júní 2003. Skrifstofa Reykhólahrepps.
Efni: Umsókn til að reisa hús í Garpsdalsey
11. 13. júní 2003. Umhverfisstofnun
Efni: Þangskurður við Flatey í Breiðafirði
12. 13. júní 2003. Umhverfisstofnun (Tölvupóstur)
Efni: Varðandi þangskurð við Flatey í Breiðafirði
13. 21. júlí 2003. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands.
Efni: Kræklingarækt við Purkey, Dalasýslu
14. 21. júlí 2003. Umhverfisstofnun
Efni: Byggingaframkvæmdir í Flatey og Hrappsey
15. 27. október 2003. Menntamálaráðuneytið. (Tölvupóstur)

Efni: Ósvarað erindi frá Breiðafjarðarnefnd

16. 28. október 2003. Umhverfissráðuneytið. (Tölvupóstur)
Efni: Reglugerð v/náttúruverndar sbr. lög um vernd Breiðafjarðar
17. 3. nóvember 2003. Umhverfisstofnun
Efni: Þéttbýlishluti aðalskipulags Grundarfjarðar 2003-2015
18. 3. nóvember 2003. Minjasafn Egils Ólafssonar
Efni: Styrkumsókn
19. 3. nóvember 2003. Sveitarfélög við Breiðafjörð
Efni: Viðurkenning í umhverfismálum
20. 17. nóvember 2003. Vottunarstofan Tún ehf.
Efni: Umhverfissvottun Þörungaverksmiðjunnar hf. á Reykhólum
21. 17. nóvember 2003. Þörungaverksmiðjan hf.
Efni: Ítrekun á erindum og óskað eftir frekari upplýsingum.
22. 17. desember 2003. Sveitarfélögin átta við verndarsvæði Breiðafjarðar.
Efni: Gerð aðalskipulags á Breiðafirði.